

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015, Jarðbaðshólar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði við Jarðbaðshóla stækkar og er flutt til suðvesturs. Breytingin þýðir að um 10 ha svæði innan landgræðslugirðingar verður verslunar- og þjónustusvæði en landbúnaðarsvæði og svæði þar sem skipulagi er frestað stækkar sem nemur gildandi verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Gerður er fyrirvari um niðurstöðu ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda við Jarðbaðshóla skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 19. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.